

Samfélags- og náttúrugreinar 1 .bekkur

Kennarar: Berglind Þóra Haraldsdóttir; Sandra Mjöll Andrédóttir

1

Skólaárið

Skólaárið 2025- 2026

Helstu námsþættir vetrarins

Í samfélags- og náttúrufræði er lögð áhersla á þemanám og að samþætta námsgreinar með sérstakri áherslu á íslensku. Kennsluhættir miðast við einstaklings- og hópavinnu, umræður, frásagnir, myndverk, ritun, framsögn, samvinnu og vettvangsferðir/útikennslu. Í lífsleikni er unnið með hugmyndafræðina Uppeldi til ábyrgðar, Vaxandi hugarfar, Vináttuverkefni Barnaheilla og Verkfærakistu KVAN. Nemendur læra um hlutverk sín og annara, þarfirnar og gera bekkjarsáttmála. Bekkjarfundir eru haldnir vikulega þar sem nemendur ræða um leiðir í samskiptum og vinna verkefni tengd "Uppeldi til ábyrgðar. Skólahjúkrunarfræðingur fræðir nemendur um hollan mat og tannheilbrigði.

Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

Haustönn

Ágúst - október: skólafærni, bekkjarsáttmáli, hlutverk og þarfir.

Október - desember: nærumhverfið, vinátta og virðing.

Janúar - mars: nærumhverfið og mannlíkaminn.

Mars - júní: íslensku húsdýrin og sveitin.

Námsaðlögun

Námið að aðlagð að hverjum og einum nemanda. Lögð er áhersla á að vinna að sambærilegum verkefnum á fjölbreyttan og skapandi hátt þar sem allir nemendur fá verkefni við hæfi.

Námsmat

Í kennslustundum fer fram leiðsagnarmat/símat kennara. Nemendur gera sjálfsmat á eigin frammistöðu m.t.t. áhuga, virkni, samvinnu og vinnusemi. Á bekkjarfundum fer fram jafningjamat um samskipti þ.e. hvert og eitt fær að tjá sig um hvernig vikan hefur gengið.

Námsgögn

Komdu og skoðaðu umhverfið, Komdu og skoðaðu líkamann, Halló heimur, Blómin á þakinu - sögurammi, Þjóðsögur, húsdýrin, gagnvirkir vefir og forrit t.d. af mms.is. Fjölbreytt verkefni tengd *Uppeldi til ábyrgðar*, *KVAN*, *Vináttuverkefni Barnaheilla* og *Growth mindset*.